

Íþróttir



Eru íþróttir mannréttindi? Í þröngri merkingu er svarið nei! Engin af mannréttindayfirlýsingunum eða sáttmálunum inniheldur sérstök ákvæði um þau mannréttindi að geta iðkað íþróttir eða haft aðgang að þeim. Þó má líta á íþróttir sem veigamikinn þátt bæði í réttinum til menntunar og til menningar.

Rétturinn til menntunar er tilgreindur í 26. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og í 13. grein Alþjóðasamningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Þar segir að „menntun skuli beinast að fullum þroska mannlegs persónuleika og meðvitund um göfgi mannsins og skuli stuðla að virðingu fyrir mannréttindum og grundvallarfrelsi.“ Íþróttir þroska manninn líkamlega og andlega. Þátttaka í íþróttum eykur sjálfstraust; hún eflir vitund einstaklingsins um sjálfan sig og aftar honum virðingar annarra. Þetta á ekki síst við um fatlaða og viðburði eins og Ólympíuleika fatlaðra.

„Iðkun íþróttar er mannréttindi. Hver einstaklingur verður að eiga kost á að iðka íþróttir eins og hæfir þörfum hans.“

Ólympíusáttmálinn, 4. regla .

Tengd verkefni

- Augnablik!, bls. 84.
- Spilaðu með!, bls. 222.
- Sjáðu hvað þú getur!, bls. 213.
- Íþróttir fyrir alla, bls. 142.

Ólympíuleikar fatlaðra

Ólympíuleikar fatlaðra eru íþróttakeppni fyrir fólk með fötlun, þar á meðal fólk sem hefur misst útlím, fólk með skerta sjón, fólk sem er lamað fyrir neðan mitti, og fólk sem er lamað af völdum heilaskaða. „Ólympíuleikar fatlaðra urðu til árið 1948 á Stoke Mandeville-spítalanum í Aylesbury á Englandi. (...) Þeir hófust árið 1952 og voru haldnir árin sem Ólympíuleikarnir fóru fram. Vetrarólympíuleikar fatlaðra voru fyrst haldnir árið 1976. Árið 1992 kepptu 3.500 íþróttamenn frá 82 þjóðum á Sumarólympíuleikum fatlaðra í Barselóna á Spáni. Fyrstu leikarnir sem voru fullkomin hliðstæða Ólympíuleikanna fóru fram árið 1988 í Seoul í Suður-Kóreu, en þar bjuggu þátttakendur í sérstöku Ólympíuþorpi fatlaðra og kepptu á Ólympíuleikvöngum. (...) Ólympíuleikar fatlaðra eru viðurkenndir og studdir af Alþjóðaólympíunefndinni og þeim stýrir Alþjóðaólympíunefnd fatlaðra (International Paralympic Committee, IPC).“⁴⁸

Í Barnasáttmálanum er kveðið á um að menntun barnsins skuli beinast að því að: „Rækta eftir því sem frekast er unnt persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess.“ og í

31. grein er vísað til réttar barnsins til hvíldar og tómsunda og til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess.

Réttur allra til þátttöku í menningarlífi er tekinn fram í 27. grein Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna og í 15. grein Alþjóðasamningsins um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Íþróttir af öllu tagi eru stundaðar alls staðar – fótbolti, sund, pílukast, drumbakast, skák, súmóglíma, bandarískur fótbolti – og áfram má telja! Íþróttir eru óumdeilanlega mikilvægur þáttur menningarlífsins í öllum löndum og þess vegna má halda því fram að allir eigi rétt á því að njóta íþróttar; sem áhorfendur, keppendur eða iðkendur.

Þó að yfirleitt sé ekki litið á íþróttir sem mannréttindi tengist iðkun íþróttar og stuðningur við íþróttaiðkun mannréttindum með ýmsum hætti. Hægt er að nota íþróttir til að stuðla að mannréttindum eða jafnvel til að brjóta á þeim, allt eftir aðstæðum.

Íþróttir stuðla að mannréttindum

Þátttaka í íþróttum skapar sameiginlega hagsmuni og gildi og kennir félagslega færni sem er nauðsynleg í lýðræðissamfélagi⁴⁸. Íþróttir auðga félags- og menningarlíf með því að leiða saman einstaklinga og samfélög. Íþróttamenn í félagsliðum og landsliðum eru oft af mörgu þjóðerni eða aðhyllast margvísleg trúarbrögð og áhorfendur hafa einnig fjölbreyttan bakgrunn. Þannig stuðla íþróttirnar að því að jafna ágreining og hvetja til samskipta og eyða þannig fordómum, staðalmyndum, menningarmun, vanþekkingu, umburðaleysi og mismunun.

Opnu fótboltaskólarnir (Open Fun Football Schools)

„Open Fun Football Schools“ eru mannúðarsamtök sem voru stofnuð af tvennum frjálsum félagasamtökum í Danmörku, Samtökum um þvermenningarleg verkefni (CCPA) og Dönsku flóttamannahjálpinni (DRC). Grundvöllur starfsins er opinber íþróttamenning með ríka áherslu á hefðir á hverjum stað, lýðræðislegar reglur, sjálfbodastarf, stuðningur foreldra og kjörorðið „íþróttir fyrir alla“. Ætlunin er að efla knattspyrnufélögin með því að dreifa íþróttabúnaði til allra félaga sem taka þátt í starfinu. Þetta er einnig hvatning til skólanna um að opna félög sín öllum börnum og ungmennum, óháð getu, kyni eða þjóðlegum eða félagslegum bakgrunni.⁴⁹

Sú einfalda staðreynd að konur geti stundað svokallaðar „karlaíþróttir“, svo sem knattspyrnu og lyftingar, hefur átt þátt í að eyða ýmsum staðalmyndum af hlutverkum kvenna og muninum á konum og körlum.

Íþróttastjórnur njóta slíkrar hylli að þær eru oft valdar til að vera „góðgerðarsendiherrar“ og styðja mannúðarstarf með óformlegri fræðslu. Til dæmis er brasilíska knattspyrnustjarnan Ronaldo sérlegur fulltrúi „Force for Change: World AIDS Campaign with Young People“ (samtök ungs fólks gegn alnæmi).

Einnig er hægt að brjóta mannréttindi í íþróttastarfi

Notkun lyfja sem bæta árangur er sjálfsagt þekktasta tilræðið við mannlega reisn og heilbrigði. Einnig eru uppi umdeild sjónarmið varðandi hormónameðferð og kynferðispróf íþróttakvenna sem snerta virðingu, mannlega reisn og friðhelgi einkalífsins.

Styrktaraðilar geta nýtt sér íþróttafólk í hagnaðarskygni og metnaðarfullir foreldrar geta á sama hátt notfært sér hæfileika barna sinna. Áköf þjálfun og keppnisharka getur leitt til

Íþróttameiðsla og stefnt andlegri heilsu í hættu. Allir eiga rétt á að fá að vita af þeim hættum og tækifærum sem felast í því að verða afreksmaður í íþróttum.

„Fimleikar: íþróttir eða ill meðferð á börnum?“

Hin tólf ára gamla Alexandra Huci var ein af mörgum hæfileikaríkum stúlkum sem eyddu æsku sinni í æfingabúðum og áttu sér draum um að verða heimsmeistarar þegar þær stækkuðu. Dag einn þegar hún var að æfa sig leið allt í einu yfir hana, hún féll í dá og dó fimm dögum seinna. Þessi litli líkami þoldi einfaldlega ekki meira.

Strangt mataræði og líkamleg áreynsla hefur oft valdið ungu fimleikafólki meiri þjáningu en gleði. „Sársauki hefur verið hluti af lífi mínu alveg frá því að ég byrjaði að æfa“, sagði Wang Shuo, tíu ára gömul, í viðtali við CNN í æfingabúðum í Peking, þar sem börn hefja „ferilinn“ við þriggja ára aldur. Maria Pardo, spænsk fimleikakona vó 43 kíló og er 170 cm á hæð.⁵⁰

Tækifæri til íþróttar eru ekki alltaf sjálfsgöð og oft verður vart mismununar gagnvart trúarlegum eða menningarlegum minnihlutahópum hvað varðar aðstöðu til íþróttaiðkana. Fjárhagslegur þrýstingur og hagsmunir geta tengst mannréttindabrotum sem grafa undan reisn einstaklingsins og virðingu fyrir öðrum. Til dæmis þiggja sumir leikmenn mútur fyrir að „gera skyssur“ í fótbolta og hagræða úrslitum í krikket. Ekki má gleyma mannréttindabrotum sem tengjast hnattvæðingu framleiðslunnar á íþróttavörum. Í mörgum löndum hafa bæði lands- og héraðasamtök í íþróttum sett reglur um vinnuskilyrði sem framleiðendur íþróttabúnaðar og fatnaðar sem þau nota verða að uppfylla. Hrundið hefur verið af stað herferðum í því skyni að fá framleiðendur til að virða mannréttindi starfsmanna sinna. Sem dæmi má nefna herferðina „Hrein fót í Austur-Evrópu“. Í Bandaríkjunum hefur m. a. verið barist fyrir því að fá íþróttamenn eins og Tiger Woods og André Agassi til að hætta að auglýsa vörur sem eru framleiddar með ódýru vinnuafli.⁵¹

Íþróttir og stjórnmál

Íþróttir hafa löngum verið notaðar sem tæki til friðsamlegra pólitískra aðgerða gegn óréttlæti. Á Ólympíuleikunum í Mexíkóborg árið 1968 heilsuðu þeir John Carlos og Tommie Smith með kveðju svarta hlébarðans við verðlaunaafhendinguna til að mótmæla misrétti gagnvart svörtu fólki í Bandaríkjunum. Meðan aðskilnaðarstefnan var við lýði neituðu mörg lönd að keppa við Suður-Afríku í íþróttum og það átti stóran þátt í því að stjórnaritari var breytt í landinu.

„Capoeira“

Á sextánda öld héldu angólskir þrælur í Brasilíu við þjóðdönsum sínum og helgisiðum og þróuðu þá yfir í „capoeira“, sjálfsvarnarlist. Yfirmenn þrælanna bönnuðu allar stríðslistir en þrælunum tókst að láta þetta líta út sem saklausan dans til skemmtunar. Á sautjándu öld var capoeira-íþróttin þróuð enn frekar og síðan notuð gegn nýlenduherrunum í áratugalangri baráttu fyrir frelsi.

Íþróttir er einnig hægt að misnota í þjóðernislegum eða pólitískum tilgangi. Á Ólympíuleikunum í München árið 1972 réðust átta arabískir hryðjuverkamenn inn í bústað ísraelska liðsins og drápu tvo menn. Níu gíslar voru síðan myrtir eftir misheppnaða björgunartilraun þýsku lögreglunnar.

Þjóðir hafa löngum notað Ólympíuleikana sem vettvang fyrir pólitískar yfirlýsingar. Til dæmis hunsuðu Bandaríkin og 65 aðrar þjóðir Moskvuleikana 1980 vegna innrásar Sovétríkj-

anna í Afganistan. Sovétríkin og fimmtán bandalagsþjóðir þeirra hunsuðu síðan næstu leika, í Los Angeles árið 1984, af öryggisástæðum og af ótta við að íþróttamennirnir leituðu eftir pólitísku hæli og fengju það.

? Á að blanda saman íþróttum og stjórnmálum?

Umdeilanlegt er hvort rétt var að velja Kína til að halda Ólympíuleikana 2008. Kína hefur löngum verið gagnrýnt fyrir skort á lýðræði og brot á mannréttindum. Meðal röksemdanna fyrir því að hafna ekki boði Peking var að meðferð Kínverja á andósmönnum og önnur mannréttindabrot þeirra yrðu engu að síður gagnrýnd áfram, t.d. á ársþingi mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna.

Íþróttir og kynþáttafordómar

Kynþáttafordómar í íþróttum einskorðast ekki við knattspyrnuvelli eða við þeldökka leikmenn. Þeir geta tengst öllum íþróttum og komið fram með ýmsu móti; í áhugamannafélögum, innan stofnana, á alþjóðavettvangi, og einnig í fjölmiðlum. Þeir geta t.d. birst í samskiptum milli leikmanna, liða, þjálfara og áhorfenda og einnig í viðbrögðum gagnvart dómurum (vegna litarháttar, trúarbragða, þjóðernis eða uppruna) og geta einnig falist í vanvirðingu við íþróttalið eða jafnvel stærri hópa.

Það er skylda allra að sporna gegn kynþáttafordómum í íþróttum; opinberra yfirvalda, (lögjafans, dómstólanna, lögreglunnar, opinberra stofnana sem fara með íþróttamál og sveitarstjórna) og frjálsra félagasamtaka (landssamtaka atvinnu- og áhugamanna í íþróttum, íþróttafélaga, svæðisbundinna íþróttasamtaka, stuðningsfélaga, samtaka leikmanna, samtaka gegn kynþáttafordómum o.s.frv.).

? Hvað getur þú gert í skólanum þínum eða félaginu til að tryggja að þær íþróttir sem þú stundar séu í félagslegum anda og styðji mannréttindi?

Skráð tilvik

21. september 2001. Gaston Tamment framherji knattspyrnufélagsins SK Rapid Vienna varð í gær fyrir linnulausum kynþáttafordómum í leik gegn FK Partizan í Evrópukeppni meistaraliða í Belgrad. Gaston Tamment, sem er af súrínömskum ættum og hefur unnið 15 titla með hollenska landsliðinu, hefur áður sagt í viðtali; „Ef kynþáttafordómar eiga sér stað . . . , er rangt að þegja um það.“⁵²

Hegðun sem lýsir kynþáttafordómum á knattspyrnuleikjum er sígilt álitamál.

? Á að banna meintum fótboltaþullum að ferðast til annars lands til að horfa á leik? Er þetta brot á rétti þeirra til ferðafrelsis?

Ungmenni og íþróttir

Dæmi um það hvernig ungmenni vinna í þágu mannréttinda er starfið í „Fótbolti gegn kynþáttahatrí í Evrópu“ (Football against Racism in Europe, FARE). FARE notar knattspyrnu til að berjast gegn hvers kyns mismunum: á leikvanginum, á vellinum, í búningsklefanum, á æfingavellinum, á vinnustaðnum og í skólastofunni; meðal stuðningsmanna, leikmanna, stjórnenda, þjálfara, framkvæmdastjóra eða leiðbeinenda.

Í tengslum við herferðina gegn auglýsingum sem greint var frá hér að framan (Sports Shoes Campaign) hafa skólaíþróttalið víða í Bandaríkjunum gjörbreytt öllum reglum um kostun og krafist þess að fyrirtæki fari að siðareglum, ella tapi þau samningi um að kosta búnað íþróttaliðanna.

Starf Evrópuráðsins

Æskulýðs- og íþróttaskrifstofan heyrir undir Aðalskrifstofu menntunar, menningar, æskulýðs, íþróttar og umhverfis. Þar er unnið að leiðbeiningum, áætlunum og lagalegum samningum til að byggja upp samræmda og skilvirka æskulýðsstefnu á vettvangi sveitarfélaga, landa og Evrópu allrar. Skrifstofan útvegar fjármagn og fræðslu til stuðnings alþjóðlegum æskulýðsverkefnum sem eiga að efla borgaravitund ungmenna og gildi mannréttinda, greiða fyrir ferðum ungmenna milli landa og efla lýðræði og fjölbreytni í menningu.

Íþróttanefnd Evrópuráðsins (CDDS) hefur beitt sér fyrir margs konar aðgerðum til að hvetja til heilbrigðra lífshátta og þátttöku í íþróttum, til dæmis EUROFIT (líkamshreystipróf barna og fullorðinna). Evrópusamningurinn gegn misnotkun lyfja í íþróttum er frá 1989 og „Leiðbeiningar um hreinar íþróttir“, fræðslu- og upplýsingaefni fyrir skóla og íþróttafélög, voru gerðar í samvinnu við Evrópusambandið⁵³. Árið 1986 var gerður Evrópusamningur um ofbeldi og ótilhlýðilega hegðun áhorfenda á íþróttamótum, einkum á knattspyrnukappleikjum.

Alþjóðasamningar sem tengjast íþróttum

1. Evrópusáttmálinn um íþróttir fyrir alla frá 1975. Í fyrstu grein er lýst yfir rétti allra til að iðka íþróttir.
2. Evrópusamningurinn um íþróttir og siðareglur kveður á um að aðgangur að íþróttaiðstöðu og íþróttaiðkun skuli tryggður án nokkurrar mismununar.
3. Alþjóðasáttmálinn um líkamsrækt og íþróttir, I. grein: „Allir menn eiga grundvallarrétt á aðgangi að líkamsrækt og íþróttaiðkun sem er þeim nauðsynleg til að komast til þroska.“
4. Samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum frá árinu 1979. Lögð er rík áhersla á það að konum sé ekki mismunað í íþróttum. Samningsríkjunum ber skylda til að tryggja konum rétt til að taka þátt í tómstundastörfum, íþróttum og öllum greinum menningarlífs.
5. Alþjóðasáttmáli gegn aðskilnaðarstefnu í íþróttum frá árinu 1985.

Heimildir

Evrópuráðið, æskulýðs- og íþróttaskrifstofan, www.coe.int/youth

How you play the game: the contribution of sport to the promotion of human rights. Ráðstefna í Sydney 1. til 3. september 1999, <http://members.ozemail.com.au/~hrca/Sport-and-human-rights.htm>

Symonides, J., Sport in the service of human rights, World Conference on Education and Sports for a Culture of Peace, Unesco, París, Frakklandi, 5. til 7. júlí 1999.

Sports Shoes Campaign (herferð gegn auglýsingum), www.heartland-cafe.com/aup/aup.html

Lykildagsetningar

3. desember

Alþjóðadagur fatlaðra

31. maí

Reyklaus dagur

3. apríl

Alþjóðadagur heilbrigðis

Tilvísanir

1. Tilmæli nr. 8 frá ráðherra nefnd Evrópuráðsins til aðildarríkjanna, samþykkt 18. september 1998.
2. Allar tölur eru frá 2000 nema frá Austurríki, Ástralíu og Grikklandi þær eru frá 1999 og tölur frá Nýja Sjálandi, Sviss og Þýskalandi eru frá 2001. Birtar tölur sýna hlutfall barna frá heimilum með tekjur undir 50% meðaltekna í landinu. Heimild: Child poverty in perspective: An overview of child well-being in rich countries. Report Card 7, Innocenti Research Centre, UNICEF, 2007.
3. Innleiðing tilmæla nr. R (91) 11 um kynferðislega misnotkun, klám, vændi og mansal, meðal barna og unglinga; Strassborg, 8. apríl 1999.
4. Bilson, A., Child safety on the Internet, a child rights approach, Centre for Europe's Child.
5. Samráðsfundur um áætlun Evrópuráðsins um borgaravitund og lýðræði í skólaskrifum, 1996.
6. Marina Kovinena, Centre for Civic and Legal Education, Rostov-on-Don, Rússneska sambandsríkinu, Youth Human Rights Education Forum, Búdapest, 2000.
7. Annan, K., Fyrsti alþjóðafundur ráðherra sem fara með æskulýðsmál, Lissabon, Portúgal, 1998.
8. Evrópusambandið, tilskipun ráðsins nr. 2000/43/EB frá 29. júní 2000 um innleiðingu reglunnar um jafnan rétt fólks burtséð frá kynþætti eða þjóðlegum uppruna.
9. El País digital, 5. nóvember 2000.
10. Webster's Third New International Dictionary
11. Evrópuráðið, aðalskrifstofa á sviði félagsmála.
12. Eurobarometer-skýrsla (54.2/2001), byggð á viðtölum við yfir 16.000 íbúa á tímabilinu 2. janúar til 6. febrúar 2001.
13. www.disrights.org
14. Biedron, R., Situation of sexual minorities in Poland, Campaign against homophobia, Riga, ágúst 2001.
15. Amnesty International, Crimes of hate, conspiracy of silence, 2001.
16. Belgian Linguistic Case, relating to certain aspects of the laws on the use of languages in education in Belgium. Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu, 23. júlí 1968, útgáfurit, flokkur A, 6. bindi, bls. 31.
17. Rétturinn til menntunar (13. grein), 08/12/99. E/C.12/1999/10, Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.
18. Learning: The treasure within, Unesco, París, 1996.
19. Weisbrot, M., Baker, D., Kraev, E., og Chen, J., The scorecard on globalisation 1980-2000: twenty years of diminished progress, Centre for Economic and Policy Research.
20. Watkins, K., Education now - Break the cycle of poverty, Oxfam International, 2000.
21. Útdráttur úr Motivans, A., Education for all, central and eastern Europe - Synthesis report, Unesco Institute for Statistics, UNICEF Innocenti Research Centre, febrúar 2000.
22. Skýrsla um náttúruhamfarir í heiminum (World Disasters Report) 2001, Alþjóðasamband landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans. 31. E/CN.4/SUB.2/RES/1999/30.
23. Ingrid Ramberg, í „Violence against young women in Europe“, Evrópuráðið, 2001.
24. Radicova I., „Human Rights of girls and young women in Europe: questions and challenges for the 21st Century“, General Conclusions, Evrópuráðið, Strassborg, 1994.
25. Útdráttur úr „Trafficking in women, a comprehensive European strategy“, information sheets, Framkvæmdastjórn ESB.
26. Sama rit.
27. Lori, H., German, A., Pitanguy, J., Violence against women: the hidden health burden, Alþjóðabankinn, Washington, D.C., 1994.
28. Ályktun 1212 (2000), þing Evrópuráðsins.
29. Gender mainstreaming conceptual framework, methodology and presentation of good practices. Final report of activities of the group of specialists on mainstreaming (EG-S-MS), Strassborg, maí 1998.
30. Statement by the participants at the seminar “Violence against young women in Europe”, European Youth Centre, Búdapest, 2001.
31. Annar alþjóðlegi umræðufundurinn um alnæmi og mannréttindi. E/CN.4/1997/37, Mannréttindastofnun Sameinuðu þjóðanna, 20/01/97.
32. Ráðstefna á vegum Evrópumíðstöðvar WHO á sviði umhverfis- og heilbrigðismála í samstarfi við ítalska umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun Evrópu, Orvieto, Ítalíu, 5.-6. október 2001. Fréttatilkynning EURO 12/2001, www.who.dk/cpa/backgrounders-2001/pback-2001.htm
33. Utanríkis- og alþjóðaviðskiptaráðuneyti Kanada (DFAIT), www.humansecurity.gc.ca
34. Hay, R., Peace building during peace support operations: a survey and analysis of recent missions, 1999.
35. Mandela, N., Long Walk to Freedom, Little Brown and Company, London, 1994.
36. Veran Matic, formaður Samtaka óháðra rafrænna miðla (Association of Independent Electronic Media, ANEM).

38. Úr Sofuylfirlýsingunni frá 13. september 1997 (síðar samþykkt sem Ályktun 35 af allsherjarþingi Unesco í nóvember 1997).
39. Nánari upplýsingar eru á www.coe.int/media
40. Stockholm International Peace Research Institute (SIPRI), www.sipri.se
41. Skýrsla þróunaráætlunar Sameinuðu þjóðanna 2001.
42. Instituto del Tercer Mundo (1992), *Third World Guide*, Úrúgvæ.
43. Frá Unicef, „Young people in changing societies“, *Regional Monitoring Reports*, nr. 7, Florence: Innocenti Research Centre, 2000.
44. *Choices for the poor*, Þróunaráætlun Sameinuðu þjóðanna, mars 2001.
45. Útdráttur úr Pascual, S., Waddington, J., *Young people: the labour market and trade unions*. A report prepared for the Youth Committee of the European Trade Union Confederation, *European Trade Union Confederation Publication*, maí 2000 og Unicef (2000), „Young people in changing societies“, *Regional Monitoring Reports*, No 7, Florence Innocenti Research Centre.
46. Útdráttur úr *Young people: the labour market and trade unions*. Report for the Youth Committee of the European Trade Union Confederation, maí 2000.
47. Sjá ítarefnið um hnattvæðingu (bls. 358).
48. Útdráttur úr www.encarta.msn.com. Nánari upplýsingar má fá á vefsvæði Alþjóðaólympíunefndar fatlaðra, www.paralympic.org/
49. www.openfunfootballschoools.org.mk/status.htm.
50. Útdráttur úr Tomek, L., *Lidové Noviny*, 23. ágúst 2001.
51. Nánari upplýsingar eru í *New Internationalist* 330, desember 2000, www.oneworld.org/ni/issues330/factfile.htm. Sjá einnig ítarefnið um hnattvæðingu (bls. xxx).
52. Fótboldi gegn kynþáttafordómum í Evrópu, www.farenet.org
53. Nánari upplýsingar eru á <http://culture.coe.fr/sp/splist.html>